

AUGLÝSING

um gjaldskyldu á bílastæðum við Hólavallagötu og Hávallagötu í Reykjavík.

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 30. mars 2017 og auglýsir þá ákvörðun hér með, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987:

Almenn bílastæði við Hólavallagötu og Hávallagötu milli Garðastrætis og Blómvallagötu verði gerð gjaldskyld og skilgreind sem gjaldsvæði 2 með tímagjaldinu 150 kr. á klukkustund og gjaldskyldutímanum frá kl. 9.00 til kl. 18.00 virka daga og frá kl. 10.00 til kl. 16.00 á laugardögum.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 1. nóvember 2017.

Dagur B. Eggertsson.

B-deild – Útgáfud.: 2. nóvember 2017